

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Apríl 2017

Áfram dregur úr atvinnuleysi í apríl

Skráð atvinnuleysi í apríl var 2,1% og minnkaði um 0,3 prósentustig frá mars. Áhrifa árstíðasveiflu fer að gæta í apríl. Minnkunin milli mars og apríl er hlutfallslega nokkru meiri en í fyrra á sama tíma.

Alls voru um 21.000 erlendir ríkisborgarar að jafnaði á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2016 samkvæmt uppfærðri áætlun Vinnumálastofnunar, en það samsvarar um 10,6% af vinnuaflinu.

Séu fyrstu fjórir mánuðir ársins 2017 bornir saman við fyrstu fjóra mánuði ársins 2016 kemur í ljós að Vinnumálastofnun hefur gefið út 149 fleiri atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017 en á sama tíma árið 2016.

Alls voru 1.199 manns starfandi hér á landi í apríl, sem komu í gegnum starfsmannaleigur. Hafði þeim fjölgað um 95 frá því í mars. Þá var 351 starfsmaður á vegum erlendra þjónustufyrirtækja starfandi hér á landi í apríl og hafði fækkað um 124 milli mánaða.


Greiddar voru 784,6 milljónir í atvinnuleysistryggingar í apríl og 780 milljónir í fæðingarorlof. Þá fengu 23 launamenn greitt úr Ábyrgðasjóði launa í apríl.

Alls fóru um 580 manns af skrá í aprílmánuði. Um 390 þeirra fóru í vinnu eða um 67% og 115 að auki hættu án þess að ástæða liggi fyrir og má gera ráð fyrir að flestir þeirra hafi farið í vinnu.

Í apríl komu alls inn 204 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Mest er um ýmis konar störf fyrir verkafólk, eða nærri helmingur auglýstra starfa, en annars er um nokkuð fjölbreytta flóru starfa að ræða.

Atvinnuleitendum stendur til boða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að taka kúrsa og fög á framhalds og háskólastigi samhliða atvinnuleit sinni. Í apríl nýttu 146 einstaklingar þann rétt sinn. Konur voru þar í meirihluta eða 67%.

Í upphafi árs 2017 fór fram greining á atvinnuleitendum á höfuðborgarsvæðinu sem höfðu verið lengur en 12 mánuði á atvinnuleysiskrá. Í mars og apríl voru 442 úr þeim hópi á höfuðborgarsvæðinu boðaðir á fund eða einstaklingsviðtal þar sem kynnt voru fjölbreytt námskeið. Af þeim hafa 57% verið skráðir á námskeið, en tæplega 16% voru byrjaðir að vinna eða afskráðu sig án skýringa.



Greining atvinnuleysis


Atvinnuleysi í apríl og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í apríl mældist eins og fyrr segir 2,1% og voru að jafnaði 3.823 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 279 á atvinnuleysisskrá frá mars.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu en á Vesturlandi breyttist hlutfallstala atvinnuleysis ekki. Atvinnuleysi minnkaði hlutfallslega meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,3 prósentustig en 0,2 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var mest á Norðurlandi eystra í apríl eða 2,5%, en hafði þó lækkað úr 3,0% frá fyrri mánuði. Næstmest var atvinnuleysi á Suðurnesjum, 2,4% og hafði einnig lækkað frá fyrri mánuði þegar það var 2,8%. Hlutfallslega lækkaði atvinnuleysið mest á Norðurlandi vestra eða úr 1,6% í mars í 1,1% í apríl.

Alls voru 1.900 karlar að jafnaði atvinnulausir í apríl og 1.923 konur, atvinnuleysi var 1,9% meðal karla og 2,4% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar nokkuð milli ára og er nú 0,3 prósentustigi lægra meðal karla og hálfu prósentustigi lægra meðal kvenna en í apríl 2016. Alls voru 512 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok apríl í ár sem samsvarar um 1,7% atvinnuleysi. Atvinnulaus ungmenni voru 660 í apríl 2016 og hefur þeim því fækkað um 22% milli ára. Næstmesta fækkun í aldurshópum meðal atvinnulausra var á aldursbilinu 55 til 59 ára um 17% og 16% fækkun var í aldurshópnum 25 til 29 ára frá apríl-lokum 2016.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 838 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl en voru 1.068 í apríllok 2016. Hefur þeim því fækkað um 230 milli ára. Þeim sem verið höfðu án atvinnu í 6 mánuði eða lengur fjölgaði um 13 frá mars og voru 1.779 í lok apríl. Hins vegar fækkaði þeim um 464 frá apríl í fyrra.

**GREIÐSLUSTOFA
GREIDDI**

784,6 milljónir

Í APRÍL

Þar af voru:

714,5 vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

44,5 milljónir vegna barnadagpeninga.

25,6 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Starfsstéttir og atvinnugrein


Atvinnulausum fækkaði í öllum starfsstéttum frá apríl 2016 nema hvað sjómönnum og véla- og vélgæslufólki fjölgaði lítið eitt.

Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að fleiri eru nú á skrá í sjávarútvegsgreinum en fyrir ári en fækkun er í flestum öðrum greinum, einkum í verslun, veitinga- og gistipjónustu og flestum öðrum þjónustugreinum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.011 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok apríl eða um 25% allra atvinnulausra og hafði fækkað um 55 frá mars. Flestir erlendu ríkisborgararnir komu frá Póllandi, 585 eða um 58% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Þessi fjöldi samsvarar um 4,6% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi minnkar jafnan milli apríl og maí meðal annars vegna árstíðasveiflu og er gert ráð fyrir að svo verði einnig í ár og að atvinnuleysi verði á bilinu 1,7-1,9% í maí. Gera má ráð að fækkun meðal atvinnulausra verði mest í ferðaþjónustu og mannvirkjagreinum í takt við aukin umsvif í þeim greinum yfir sumarmánuðina.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru um 580 manns af skrá í aprílmánuði. Um 390 þeirra fóru í vinnu eða um 67%. Þá voru um 115 manns (20%) sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok apríl eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra rúmlega 70 (13%) manns sem eftir standa. Þannig fóru 14 af skrá þar sem bótaréttur var fullnýttur, 22 voru óvinnufærir eða fóru í einhver endurhæfingar- eða meðferðarúrræði, átta fóru í fæðingarorlof og aðrir fóru af bótum vegna búferlaflutninga, náms eða úrskurðar um slíkt frá Vinnumálastofnun.

Ástæður afskráningar



Um 57% þeirra sem fóru af skrá voru karlar og 43% konur, en hlutfall karla og kvenna á skrá í apríl skiptist hins vegar nokkuð jafnt. Um 42% þeirra sem voru á skrá höfðu verið atvinnulausir í hálf ár eða lengur, en aðeins um 25% þeirra sem fóru af skrá.

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Margskonar vinnumiðlunarþjónusta

Vinnumálastofnun miðlaði 12 atvinnuleitendum í störf á grundvelli starfsþjálfunarsamnings í apríl þar sem fyrirtæki fær fjárhagslegan styrk í 6 mánuði til að ráða atvinnuleitanda í tiltekið starf. Alls voru um 100 einstaklingar starfandi í slíkum starfstengdum vinnu-markaðsúrræðum í apríl.

EURES evrópsk vinnumiðlun miðlaði 27 einstaklingum í störf á Íslandi í apríl eftir að fyrirtæki höfðu óskað eftir starfskrafti í gegnum miðlunina.

Auglýst störf í vinnumiðlun í apríl

Í apríl komu alls inn 204 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 90 (44%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Norðurlandi eystra, 21%. Um 35% voru annars staðar á landinu. Mest er um ýmis konar störf fyrir verkafólk, eða nærri helmingur auglýstra starfa. Annars er um nokkuð fjölbreytta flóru starfa að ræða eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar.

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í apríl voru fyllt 302 pláss á svokölluðum kynningarfundum víðs vegar um landið þar sem farið var yfir helstu réttindi og skyldur atvinnuleitandans auk þess sem kynnt voru nytsamleg verkfæri í atvinnuleitinni. Þátttaka á slíkum fundum er tiltölulega jöfn milli kynjanna þótt konur séu nokkru fleiri. Hlutfall útlendinga á slíkum fundum er nú um 24%.

Í apríl voru fyllt 398 pláss á svokölluðum starfsleitar- og hæfnisnámskeiðum sem eru námskeið eða kúrsar í 2 til 5 skipti þar sem lögð er áhersla á sjálfsstyrkingu, ferilskrágerð og annað tengt atvinnuleitinni.


Íslendingar voru um 82% þeirra sem tóku þátt í slíkum úrræðum í apríl. Kynjahlutföllin á slíkum námskeiðum voru hins vegar nokkuð jöfn.

Atvinnuleitendum stendur til boða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að taka kúrsa og fög á framhalds- og háskólastigi samhliða atvinnuleit sinni. Í apríl nýttu 146 einstaklingar þann rétt sinn. Konur voru þar í meirihluta eða 67%.

Auglýst störf eftir starfsstétt

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stjórnunar- og sérfræðistörf, skrifstofufólk	28	14%
Matreiðslumenn, kokkar, þjónar og þernur	17	8%
Umönnunar- og gæslustörf	12	6%
Afgreiðslustörf í verslunum og matsölustöðum	27	13%
Iðnaðarmenn	15	7%
Bílstjórar og vélafólk	6	3%
Verkafólk í þjónustu, einkum ferðaþjón.	56	27%
Verkafólk í iðnaði, landbún., fiskvinnslu	43	21%
Samtals	204	100%


Þjóðerni þeirra sem sóttu stutta kynningarfundum í apríl



Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í apríl unnu 27 einstaklingar að slíkri hugmynd, 10 karlar og 17 konur, af þeim voru 4 útlendingar.

Tungumálanámskeið eru mikið nýtt fyrir þá atvinnuleitendur sem ekki hafa náð tökum á íslensku. Alls fóru 138 einstaklingar á tungumálanámskeið í apríl og var kynjaskipting nokkuð jöfn, en tungumálanámskeið hafa jafnan verið meira sótt af konum en körlum.

Kynjaskipting á tungumálanámskeiðum í apríl



Aðgerðir gegn langtímaatvinnuleysi 2017

Í upphafi árs 2017 fór fram greining á atvinnuleitendum sem höfðu verið lengur en 12 mánuði á atvinnuleysiskrá. Á grundvelli greiningar á aldri, þjóðerni og menntun hópsins var leitað tilboða hjá námskeiðshöldurum um námskeið eða gæðaúrræði. Í vali á úrræðum var einnig litið til eftirspurnar á vinnumarkaði eftir vinnuafli. Í þeim tilvikum sem atvinnuleitandi hefur þurft á meiri aðstoð að halda en ráðgjafar Vinnumálastofnunar geta veitt er þeim vísað til Virk starfsendurhæfingarsjóðs og í mörgum tilvikum þaðan í starfsendurhæfingu.

Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleitendum skipt í þrjá hópa samkvæmt aðgerðum í starfsáætlun 2017, þ.e ungrir atvinnuleitendur (30 ára og yngri) þar sem markmiðið er að efla og auka þjónustu við ungt fólk í viðkvæmri stöðu þannig að a.m.k 70% hópsins taki þátt í gæðaúrræði, atvinnuleitendur eldri en 30 ára þar sem markmiðið er að draga úr langtímaatvinnuleysi þannig að hlutfall þeirra sem verið hafa 6

Styrkjum verður úthlutað til 35 verkefna atvinnumála kvenna þann 19. maí

Árlega er auglýst eftir umsóknum um styrki til atvinnumála kvenna, en það eru styrkir sem veittir eru af félags- og jafnréttisráðherra.

Í ár (2017) voru til umráða 35 milljónir en 350 umsóknir bárust að þessu sinni.

Úthlutun styrkja verður þann 19. maí í Hörpu þar sem 35 styrkjum verður úthlutað til fjölbreyttra verkefna.

www.atvinnumalkvenna.is

til 12 mánuði verði komið í 35% og hlutfall þeirra sem verið hafa lengur en 12 mánuði verði komið í 20% í lok árs. Þriðji hópurinn eru atvinnuleitendur af erlendum uppruna þar sem markmiðið er að auka við þá þjónustu þannig að dragi úr atvinnuleysi, en hægar hefur dregið úr atvinnuleysis meðal þeirra en annarra.

Í mars og apríl voru 442 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu boðaðir á fund eða einstaklingsviðtal þar sem kynnt voru fjölbreytt námskeið, af þeim hafa 251 (57%) verið skráðir á námskeið. Tæplega 16% voru byrjaðir að vinna, eða afskráðu sig án skýringa og 27% mættu ekki á fund eða voru ekki skráðir á námskeið og er málum þeirra fylgt eftir. Haldið verður áfram að kalla inn hópa og boða á námskeið fram í júní ásamt því að leggja áherslu á miðlun í störf.

Hópar	Boðaðir á fund	Skráðir á námskeið
Ungir	100	41
Erlendir	141	92
Eldri	201	118
Samtals	442	251

Námsúrræði sem snúa að erlendum atvinnuleitendum eru einkum námskeið í íslensku, ferilskrágerð og sjálfsstyrkingu.

Fyrir unga atvinnuleitendur (30 ára og yngri) eru eftirfarandi námskeið í boði:

- Stökkpallur – undirbúningsnámskeið fyrir vinnumarkað + vinnustaðþjálfun
- Tækniþjónustunám
- Fjölsmiðja
- Nám fyrir lesblinda
- Vítamín – sjálfsstyrking og vinnustaðanám fyrir ungt fólk
- Hvatningarfyrirlestur fyrir háskólamenntaða
- Kaffi- og barþjónanámskeið
- Starfsleit + vinnustaðþjálfun
- Starfsleitar- og sjálfsefingarnámskeið

Fyrir eldri atvinnuleitendur (30 ára og eldri) eru eftirfarandi námskeið í boði:

- Stökkpallur – undirbúningsnámskeið fyrir vinnumarkað + vinnustaðþjálfun
- Færni í ferðþjónustu
- Kaffi- og vínþjónanámskeið
- MIG/MAG suðunámskeið
- TIG suðunámskeið
- Starfsnám stuðningsfulltrúa
- Bókfærsla og tölvubókhalld
- Tölvubókhalld og Excel
- Heilsuefning og markmiðasetning
- Starfsleitar- og sjálfsefingarnámskeið


Atvinnuleit erlendis

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES ríkis í allt að þrjú mánuði fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Við slíkar kringumstæður heldur atvinnuleitandi réttindum sínum áfram á Íslandi meðan á atvinnuleit stendur í öðru landi. Í apríl fékk 31 einstaklingur U2 vottorð og fóru flestir í atvinnuleit til Póllands eða 23 talsins.

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa einnig þann möguleika að flytja réttindi sín í atvinnuleysistryggingakerfinu til annars EES ríkis. Í apríl voru 35 einstaklingar sem nýttu


sér slíkan rétt sinn og fluttu flestir þeirra réttindi sín til Póllands og Tékklands.

Flutt réttindi í atvinnuleysis-tryggingakerfinu í apríl, eftir löndum sem réttindi voru flutt til



Í þeirri þenslu sem nú ríkir á íslenskum vinnumarkaði ætti að vera nokkur eftirspurn eftir því frá öðrum löndum að hefja hér atvinnuleit. Engu að síður eru sárafáir atvinnuleitendur í öðrum löndum EES að nýta sér slíka möguleika þegar horft er til þeirra leyfa sem önnur lönd veita sínum atvinnuleitendum til atvinnuleitar á Íslandi. Sá fjöldi hefur farið niður ár frá ári og umfangið er lítið.

Fjöldi útlendinga með leyfi til atvinnuleitar á Íslandi fyrstu 4 mánuði árána 2014-2017



Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Útlendingar á vinnumarkaði

Alls voru nálægt 21.000 erlendir ríkisborgarar að jafnaði á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2016 samkvæmt uppfærðri áætlun Vinnumálastofnunar, en það samsvarar um 10,6% af vinnuaflinu. Erlendum ríkisborgurum á vinnumarkaði fjölga jafnt og þétt og má ætla að fjöldinn sé nálægt 23.000 nú í lok apríl, eða um 11,5% af vinnuaflinu. Hlutfallið er nokkru hærra meðal karla en kvenna, eða um 12,5% meðal karla á mótí um 10,5% meðal kvenna.

Ríflega þriðjungs fjölgun í útgefnum atvinnuleyfum


Í apríl gaf Vinnumálastofnun út 137 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin því gefið út 599 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í aprílmánuði voru 73 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 51 framlenging, eitt á grundvelli þjónustusamnings og fimm leyfi til námsmanna.

Séu fyrstu fjórir mánuðir ársins 2017 bornir saman við fyrstu fjóra mánuði ársins 2016 kemur í ljós að

Vinnumálastofnun hefur gefið út 149 fleiri atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017 en á sama tíma árið 2016. Samsvarar það 33% fjölgun á útgefnum atvinnuleyfum. Á meðfylgjandi súluriti má sjá samanburð milli fyrsta ársþriðjungs árána 2016 og 2017 eftir tegund atvinnuleyfa sem sótt er um.

Séu einstaka flokkar atvinnuleyfa sérstaklega skoðaðir sést að umsóknum um atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki hefur fjölgað til muna frá árinu 2016 líkt og sjá má á meðfylgjandi súluriti. (Inni í tölunni samtals eru einnig umsóknir sem voru í vinnslu eða hætt við).

Fjöldi umsókna um ný skortsleyfi




Séu starfsgreinar umsókna um skortsleyfi skoðaðar nánar kemur í ljós að 62% umsókna eru fyrir störf verkafólks og 22% fyrir störf sem tengjast ferðaþjónustunni.

Fjöldi starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja fækkar á milli mánaða en fjöldi starfsmanna starfsmannaleigna eykst

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 38 erlend þjónustufyrirtæki starfandi hér á landi í apríl. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 351. Starfsmönnum á vegum erlendra fyrirtækja fækkaði þó á milli mars og apríl um 124 manns.

Starfsmenn á vegum starfsmannaleigna, innlendra sem erlendra, voru samtals 1.199 í mánuðinum á vegum 26 starfsmannaleigna. Þessum starfsmönnum hefur því fjölgað á milli mánaða um 95.

Fjöldi umsókna eftir tegund



Af þeim 26 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í apríl voru 16 innlendar og 10 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar voru með 1.118 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu með 81. Starfsmenn starfsmannaleigna starfa því að miklum meirihluta til hjá innlendum starfsmannaleigum.

Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í apríl voru því samtals 432 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA
GREIDDI

23 launamanni

vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í apríl

FÆÐINGARORLOFS-
SJÓÐUR GREIDDI

780

milljónir í apríl 2017

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra